

## **II. Frumvörp**

til laga um raforkuvirki.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

### **1. gr.**

Hver sveitar- eða bæjarstjórn hefir einkarjett til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnorkuver, og starfrækja þau innansveitar. Til starfrækslu utansveitar þarf samþykki ráðherra.

Um raforkuveitu frá slíku veri fer eftir ákvæðum vatnalaganna um raforkuveitur frá vatnorkuverum, nema þar sem á annan veg er ákveðið með lögum þessum.

## 2. gr.

Einkarjettur sveitar- eða bæjarstjórna samkvæmt 1. gr. nær eigi til raforkuvirkja, sem einstakur maður eða einstakir menn koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa, þó þarf leyfi hjeradsstjórnar í þeim hjeruðum, þar sem hjeradsstjórn hefir áður komið á stofn raforkuvirki.

## 3. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 1. og 2. gr. getur sveitar- eða bæjarstjórn með samþykki ráðherra veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um tiltekið árabil með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitar- eða bæjarstjórn rjett á að fá sjer afhent raforkuvirkið fyrir það verð, er matsnefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki.

Um mat og matsnefnd gildir ákvæði vatnalaganna.

## 4. gr.

Nú vill sveitarstjórn eða bæjar fá handa umdæmi sinu raforkuvirki, er einstakir menn eiga og um ræðir í 3. gr. og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka það eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins nema eigendur samþykki að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

## 5. gr.

Ráðherra skal heimilt að setja reglur um gerð, frágang og notkun raforkuvirkja, og má í reglum þessum setja ákvæði um:

- a. Öryggisráðstafanir, er fylgja ber við uppsetningu og starfrækslu þessara virkja.
- b. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglurnar öðlast gildi og um ný virki og aukningu eldri virkja svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
- c. Eftirlit með raforkuvirkjun í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
- d. Löggildingu á hæfum raforkuvirkjurum.
- e. Sektir alt að 1000 kr. fyrir brot á reglunum.

## 6. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sjer hættu fyrir eignir annara manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sje unt

að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana hefir í för með sjer verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður búin tryggingum en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Ráðherra sker úr öllum ágreiningi um það:

- a. Hvort raforkuvirki hafi í för með sjer hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja.
- b. Hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum.
- c. Hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk, og
- d. Hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, uns öryggisráðstafanir þær, er hún áskilur, eru komnar í framkvæmd.

#### 7. gr.

Sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og stjórnir orkuveitufjelaga skulu semja reglugerð um raforkuveituna, er ráðherra staðfestir, og má þar setja sjerstök ákvæði fyrir þá menn, er fást við raforkuvirkjun innan takmarka veitu þeirra, þar á meðal vinnukaupsskrá og reglur um frágang á verkum þeirra, þó má ekki í slíkum reglum heimila lakari frágang á orkuvirkjum nje vægari kröfur til löggildingar raforkuvirkjara en ákveðið verður í reglum ráðherra samkvæmt 6. gr.

#### 8. gr.

Með mál út af brotum á reglum þeim, er segir í 5. gr. og 7. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

#### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verkfræðingafjelag Íslands hefir bent á, að sjerstök lög um raforkuvirki vantaði, með því að lög nr. 51, 1915, um rafmagnsveitur, voru feld úr gildi með vatnalögunum, án þess að tekin væri upp í vatnalögin ýms ákvæði, sem þá voru úr gildi numin, nje sett þar um önnur lög.

Vatnalögin geta eðlilega ekki fjallað um ýms atriði, sem snerta sjerstaklega raforkuvirki, þar sem oft eru aðrar tegundir afls en vatnsafl notaðar til orkuvinslunnar. Meiri hluta fossanefndarinnar var þetta ljóst og samdi því

jafnframt vatnalagafrumvarpinu annað frumvarp »til laga um raforkuvirki«. Þetta frumvarp var lagt fyrir Alþingi 1919, en varð þá óútrætt eins og vatnalögin. Síðan hefir því ekki verið hreyft.

Þar sem stjórn vatnamála er nú skipað nokkuð á annan veg og óbrotnari en ráðgert var, þá er frumvarp þetta var borið fram af fossanefnd, þótti nauðsynlegt að gera á því talsverðar breytingar og nokkrar viðbætur áður en það yrði lagt fyrir Alþingi. Var því stjórn Verkfræðingafjelagsins falið að að semja nýtt frumvarp, sem leggja mætti fyrir Alþingi og er það þetta frumvarp.

Þessi eru þau helstu atriði, er frumvarpið setur ákvæði um:

1. Rjettur hjeradsstjórna til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsverönnur en vatnorkuver.
2. Rjettur ráðherra að setja reglur um gerð, frágang og notkun rafmagnsvirkja.
3. Rjettur ráðherra og fjelagsstjórna að löggilda hæfa menn til þess að vttna við rafmagnsvirki.

Reynsla undanfarinna ára sýnir ótvírætt, að eigi má án vera laga um þessi atriði. Lögin um rafmagnsveitur frá 1915 komu að góðu gagni þó ófullkomin væru. Þar sem nú á síðustu árum hafa verið stofnsettar rafmagnsstöðvar, sem reknar eru ýmist með vatnsafla eða olíu í allflestum kaupstöðum og kauptúnum hjer á landi, verður því fremur þörf fullkómari lagasetningar og itarlegri reglugerða til þess að stofnun þeirra og starfræksla verði sem haganlegust og til þess að samrýmanleg ákvæði gildi um land alt. En á þessu hefir viljað verða nokkur brestur og hafa vitanlega fyrir þá sök farið verðmæti eigi alltil í súginn að óþörfu.

Um 1.—4. gr.

Greinar þessar eru að nokkru teknar upp úr lögum um rafmagnsveitur frá 1915, en samrýmdar ákvæðum vatnalaganna. Þannig er í síðari málsgrein 2. gr. visað til vatnalaganna til þess að hvergi komi mótsögn eða sundurleit ákvæði um raforkuveiturnar sjálfar, þótt unnin sje raforkan með öðru afli en vatnsafla, svo sem olíu, kolum eða þvilíku. Um þessi atriði eru ýms ákvæði í vatnalögunum, sem frekar ættu þó heima í þessum lögum.

Um 5.—6. gr.

Þessar greinar eru með nokkrum breytingum teknar upp úr frumvarpi meiri hluta fossanefndar um raforkuvirki. Nægir að visa til greinargerðar nefndarinnar með tjeðu frumvarpi.

Um 7. gr.

Greinin er tekin úr sama frumvarpi (4. gr.). Ákvæðinu þar um skólahald fyrir raforkuvirkjara er slept þar sem það myndi hafa talsverðan kostnað í för með sjer, enda má telja það óþarft að svo stöddu; aðaláhersluna verður að leggja á verklega æfingu.

Íljer er tekið upp það nýmæli, að hjeradsstjórn og stjórnir raforku-  
veitufjelaga sjeu skyldar að setja reglugerð um raforkuvirkjun, er ráðherra  
staðfesti. Í rafmagnsveitulögunum var slíkt ákvæði ekki, en var engu síður  
orðin venja, sem vel hefir gefist.